

11. gr.

Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýlisins. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár.

Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar.

12. gr.

Úrskurðarnefnd.

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki og rétt til beinna greiðslna, er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, sem starfar skv. lögum nr. 99/1993. Úrskurði nefndarinnar, sem skal liggja fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

13. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 604 18. desember 1989 um árstíðarbundið verðmiðlunargjald af verði mjólkur til framleiðenda.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. júní 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 554/1993,
um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis o.fl.**

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr.:

- a. Eftirfarandi efnisliðir bætast við:

1806.9011-1806.9019	Efni til framleiðslu á drykkjarvörum sem innihalda kakaó.
2106.9025	Tilreidd drykkjarvöruefni sem innihalda prótein o.fl.
2106.9026	Tilreidd drykkjarvöruefni úr ginsengkjörnum o.fl.
- b. Tollskrárnúmerið 1806.9001 breytist og verður tollskrárnúmer 1806.9021.

- c. Tollskrárnúmerið 1806.9002 breytist og verður tollskrárnúmer 1806.9022.
- d. Tollskrárnúmerið 1806.9008 breytist og verður tollskrárnúmer 1806.9027.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 14. gr. og 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðis-
aukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. júlí 1994.

Fjármálaráðuneytið, 16. júní 1994.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Jón Guðmundsson.

AUGLÝSING

**um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald,
með síðari breytingum.**

1. gr.

- 1) Við gjaldflokk A bætast við tollskrárnúmerin: 1806.9011, 1806.9012, 1806.9019, 1901.9011, 1901.9019, 2106.9025 og 2106.9026.
- 2) Úr gjaldflokki B fellur brott tollskrárnúmerið 4003.1000.
- 3) Við gjaldflokk B bætist tollskrárnúmerið 4003.0001.
- 4) Úr gjaldflokki D falla brott tollskrárnúmerin: 1806.9003, 1806.9004, 1806.9005, 1806.9006, 1806.9007, 1806.9009, 2204.2101, 2204.2901, 2204.3000 og 2206.0000.
- 5) Við gjaldflokk D bætast tollskrárnúmerin: 1806.2003, 1806.9023, 1806.9024, 1806.9025, 1806.9026, 1806.9028, 1806.9029, 2204.1001, 2204.2111, 2204.2121, 2204.2131, 2204.2141, 2204.2151, 2204.2161, 2204.2911, 2204.2921, 2204.2931, 2204.2941, 2204.2951, 2204.2961, 2204.3001, 2205.1001, 2205.9001, 2206.0001, 2206.0009 og 2208.1009.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 97/1987, um vöru-
gjald, með síðari breytingum, sbr. 7. gr. sömu laga, öðlast gildi 1. júlí 1994 og tekur til
allra ótollafgreiddra vara.

Fjármálaráðuneytið, 16. júní 1994.

F. h. r.

Jón H. Steingrímsson.

Jón Guðmundsson.